

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

18. desember 2023

**Efni: Umsögn BHM um frumvarp um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023-2026. Þingskjal 582, mál nr. 511.**

### **BHM fagnar aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum íslenskrar tungu en spyr hvort hún mætti vara lengur**

Aðgerðaáætlunin er mjög gott og þarft framtak. Fjórða iðnbyltingin er hafin, miklar tæknibreytingar standa yfir í samfélaginu og full þörf er á að standa sérstaklega vörð um íslenskuna svo hún verði ekki undir á vinnumarkaði og í samfélagi. Það er ljóst að enskunotkun fer vaxandi á ýmsum sviðum samfélagsins. Því þarf að verja þarf stöðu íslenskunnar sérstaklega eins og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, fer yfir í grein sinni [Íslenskan sem menningarverðmæti](#). Þar bendir hann m.a. á að samkvæmt [mælikvarða UNESCO um lífvænleik tungumála](#) þurfi málið m.a. „...að vera notað af öllum aldurshópum, frá börnum og upp úr; vera notað af öllum íbúum málsvæðisins; að vera notað á öllum sviðum og til allra þarfa, aðlagast nýjum notkunar sviðum; og eiga sér ritmál, rithefð, mállýsingar, orðabækur, bókmenntir og fjölmiðla, og ritmálið þarf að vera notað í stjórnsýslu og menntun.“

BHM setur hinsvegar spurningar við stutt tímabil áætlunarinnar og veltir fyrir sér hvort ekki sé þörf á að hún standi lengur yfir. Ein leið væri að endurskoða hana að þremur árum liðnum, því það bendir fátt til annars en að þörfin fyrir aðgerðir í þágu íslenskunnar sé viðvarandi.

### **Opinberan stuðning þarf svo fólk sem skapar á íslensku geti lifað af því**

BHM tekur undir innsenda umsögn Ríthöfundasambandsins í heild sinni. BHM vill þó árétta þá áminningu frá RSÍ að rétt sé að draga sérstaklega fram bókmenntir og skrif í tengslum við listir, menningu og íslensku. Sköpun á íslensku er ein frumforsenda þess að íslenskt mál lifi áfram og þar sem íslenskar bókmenntir byggja oftast á íslenskri tungu þá þarf fólk sem skapar og skrifar á íslensku að geta lifað af því. Á örmarkaði eins og á Íslandi gerist það ekki án öflugs opinbers stuðnings og aðgerðaáætlun þarf að taka betur á því.

### **Fylgir fjármagn til sveitarfélaga?**

Í 14. og 15. grein er talað um að efla íslenskuhæfni í leik- og grunnskólum, frístundastarfi og velferðar- og heilbrigðisþjónustu þar sem stór hluti starfsmanna er með annað móðurmál en íslensku. BHM telur afar mikilvægt að vel sé að þessu staðið en þar sem um ræðir starfsfólk sveitarfélaga þá er spurt um fjármögnun þessa liðar, það gefur augaleið að sveitarfélögin þurfi aukið fjármagn til að geta tekið þátt í verkefninu.

### **BHM lýsir sig tilbúið til samstarfs**

Í 1 gr. er talað um starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu. Taldir eru upp mögulegir samstarfsaðilar og þar á meðal eru nefndir aðilar vinnumarkaðarins. BHM stendur fyrir öflugum fræðslustarfi fyrir félagsfólk aðildarfélaga sinna og lýsir yfir eindregnum vilja til samstarfs um íslenskukennslu fyrir félagsfólk sitt af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst,



Elísa Jóhannsdóttir  
fræðslu- og jafnréttisfulltrúi BHM